

Pökkum saman

Kæru Vestmannaeyingar ungir sem aldnir. Það eru breyttir tímar framundan, breytt viðhorf og umhverfi. Við hér höfum þurft að berjast í bökkum við að halda byggðarstöðu okkar og þeim atvinnuvegum uppi sem samfélagið þrífst á.

Í kringum aldamótin voru hér virkilega erfiðir tímar, og var svartnætti, bölsýni og neikvæðni farin að festa sér sess í hugum Eyjaskeggja. Stöðugur fólksflótti átti sér stað og sum af okkar mikilvægustu fyrirtækjum þurftu að segja upp fjölmörgum.

Stjórnendur þessara fyrirtækja vildu hinsvegar ekki gefast upp,

þrautseigja og eljusemi okkar Eyjamanna er algjör. Við gefumst ekki upp þótt á móti blási. Fyrirtækin ákváðu því að sækja framá við. Þau keyptu aflaheimildir dýrum dómum og reyndu að hagræða. Þau vildu tryggja sér sess innan greinarinnar þannig að ekki kæmi til frekari tára og leiðinda innan okkar samfélags.

Virkilega mikið strit lág nú beinast fyrir og eru dæmi þess að áhafnir hafi séð alfarið um viðgerðir á veiðafærabúnaði heilu sólarhringana í röð svo fyrirtækin gætu gengið og haldið uppi veiðum.

Þessir tímar hafa breyst, þótt

skuldbindingar okkar mikilvægustu fyrirtækja sé þó enn tiltæk.

Skuldbindingarnar eru þó orðnar viðráðanlegar og farið er að birta til.

Bjartsýni hefur færst yfir okkur á nýjan leik og fyrirtækin hér standa vel enda hafa þau tryggt stöðu sína í greininni með því að kaupa til sín réttindi til veiða, og er það orðið að styrkleika okkar samfélags.

Þau kaup kostuðu okkur íbúana mikið hugarangur og svartsýni, en ekki síður þurftu fjölmargir að leggja mikið á vogaskálarnar til að samfélagið myndi eflast á nýjan leik.

Þessir tímar kostuðu fiskverka-fólk, sjómenn, netagerðamenn, stáliðnarmenn, hafnarstarfsmenn og fleiri blóð, svita og tár. Þrekvirki var unnið af okkar fólki.

Nú ber svo við að Samfylking og Vinstri grænir vilja gera alla þessa erfiðisvinnu sem hér var unnin og þær erfiðu stundir sem við komust yfir, upptækar. Þeir vilja taka þær aflaheimildir sem við keyptum hingað, eignanámi. Áhrifin af þessu hafa verið könnuð og niðurstaðan er skýr. Við munum horfa fram á gjaldprot fyrirtækjanna. Þar með er sú vinna og það þrekvirki sem hér var unnið, orðin að engu. Líkt og það hafi verið okkar sök að við vildum efla grunnstöðir okkar samfélags.

Það er alveg ljóst að fari þessi fyrirtæki í gjaldprot, þá erum við að horfa uppá fleiri hundruð manns missa vinnuna og afleidd störf í þjónustu munu hverfa hratt frá okkur þar sem peningaflæðið hér verður talsvert minna. Auðvitað tekur ríkið við protabúunum en sá afli sem veiddur er hér nú verður ekki í sama magni þar sem honum verður dreift niður á þær byggðir sem seldu veiðiréttindin til okkar.

Því er það ljóst að nái vinstri stefnan sínum markmiðum með eignarnámi á veiðiréttindum þá mun fjöldi manns þurfa að yfirgefa Vestmannaeyjar sama hvaða atvinnugrein þeir starfa við. Þjónustan sem hér er fær sitt fjármagn úr sjávarútvegnum.

Kæru Eyjamenn, standi ykkur til að kjósa Samfylkingu eða Vinstri græna þá er vissara að byrja að pakka saman.

.....

Látum ekki vinstri stjórnina ræna okkur

Kvótanum var á sínum tíma úthlutað til þeirra sem stundað höfðu veiðar á viðkomandi fisktegundum á þremur undan-gengnum árum, það hljómar bara sem nokkuð gáfuleg ráðstöfun. Síðan þá hefur kvóti gengið kaupum og solum oft á mjög umdeilanlegan hátt. Margir hafa flúið sjávarútveginn til þess að fjárfesta í fjármálafrirtækjum eða hreinlega setjast í helgan stein um aldur fram. Á sama tíma hafa menn lagt heilu vinnustaðina og jafnvel byggðarlögin í rúst. Útgerðarmönnum var á sínum

tíma fært mikið vald í hendur sem fáir þeirra kusu að misnota, á bakvið langflest kvótaviðskiptið eru heiðarlegir viðskiptahættir með eðlilegri sérhæfingu og hagræðingu í rekstri. Staðan í dag er þannig að einungis um 10% af kvótanum er nú í eigu þeirra sem fengu hann á silfurfati á sínum tíma. Þetta segir okkur að í 90% tilfella er „Fyrningarleiðin“ eins og Samfylkingin kallar það, eða „innköllun og endurráðstöfun“ eins og Vinstri grænir nefna það, ekkert annað en tvö

rangnefni á eignaupptöku af hálfu ríkisins. Það er einmitt hér í Vestmannaeyjum sem útgerðarmenn hafa verið duglegastir að fjárfesta í aflaheimildum og þá sérstaklega á undanförunum árum. Nú á að hirða þessar fjárfestingar af heiðarlegum útgerðarmönnum sem hafa lagt allt sitt undir í því að fjárfesta í aflaheimildum og stuðla að uppbyggingu samfélagsins. Samfylking og Vinstri grænir eru að gera lítið úr vitsmunum Eyjamanna og öllum þeim sem eiga allt sitt undir blómlegum

sjávarútvegi í Vestmannaeyjum eins og undirritaður. Þetta fólk sem sumt kys að kalla sig Vestmannaeyinga ætti að skammast sín fyrir að opna hér yfir höfuð kosningaskrifstofur og reyna að sannfæra Eyjamenn um ágæti þessarar þvælu.

Ágæti Eyjamaður ekki sitja heima næstkomandi laugardag, sýndu ábyrgð, mættu og settu X við D

Sindri Ólafsson
formaður Eyverja

Lækkum skatta og ýtum undir verðmætasköpun

Vinstri flokkarnir vilja hækka skatta og lækka laun. Þeir gefa þá ástæðu að það sé nauðsynlegt í þessu árferði og ekki sé neina aðra lausn að finna á vandanum. Það er vegna þess að þetta er eina lausn vinstri-manna á öllum málum, að skattleggja sig útúr vandanum. Ef það eru ekki hærri skattar þá eru það nýir skattar, jafnarskattar, viðbótarskattar, þrepaskattar eða hvað annað sem þeim getur dottið í hug. Sjálfstæðisflokkurinn hafnar öllum nýjum sköttum á einstaklinga og fyrirtæki og vill forðast það í lengstu lög að hækka skatta. Sjálfstæðisflokkurinn vill frekar skera niður.

Hvar er hægt að skera niður? Vinstri flokkarnir nota það sem átyllu að það sé þörf að hækka skatta til að halda uppi grunn-

stoðum eins og dóms-, heilbrigðis- og menntakerfinu. En á sama tíma vilja þeir byggja tónlistarhöll upp á tugi milljarða, og halda 134 listamönnum á launum frá ríkinu, óháð því hvort þeir skili frá sér einhverri vinnu eða ekki. Svo ekki sé minnst á öll gæluverkefni þingmanna. Þau þarf að skera niður. Við verðum að styðja við grunnstoðirnar, en alltaf má finna leiðir til að hagræða í rekstri og verðum við að gæta þess að gefa ekki ráðamönnum tækifæri á að fela sín persónulegu gæluverkefni innan þessara grunnstoða.

Af hverju eru hærri skattar ekki rétta leiðin? Í Viðskiptablaðinu þann 18. desember birtist þessi leiðari sem lýsir þessu ágætlega og ætla ég að gefa mér það bessaleyfi að

birta það hér orðrét: „Það að ætla að hækka skatta er mikið óráð, ekki síst við þær aðstæður sem nú ríkja í efnahagsmálum. Fyrirtæki landsins berjast í bökku og hafa hvert af öðru þurft að segja upp fólki og lækka laun. Lækkun launa felur í sér minni kaupmátt almennings og réttu viðbrögð ríkisins við því eru ekki að hækka skatta og draga enn frekar úr kaupmættinum. Miklu nær væri að lækka skatta og ýta þannig undir verðmætasköpun í atvinnulífinu. Lágmarkskrafa er að skattar verði hafðir óbreyttir. Ríkisstjórnin hefur lagt í það verkefni að skera niður útgjöld og breyta því útgjaldafrumvarpi sem lagt var fram í byrjun október. Þetta er sjálfsgöð aðgerð og eini gallinn við hana er að allt of skammt er gengið. Þótt það væri ekki sársaukalaust

væri það engu að síður vanda-laust að skera mun meira niður en ríkisstjórnin hefur lagt til.“

Lausnin liggur ekki í hærri sköttum eða nýjum sköttum. Það þarf að koma atvinnulífinu aftur á fæturna. Það er ekki gert með aukinni skattþvingu. Það gerum við með því að gefa fyrirtækjunum það svigrúm sem þau þurfa, t.d. með lægri sköttum. Öflugra atvinnulíf þýðir fleiri störf, sem þýðir að meira skilar sér af sköttum í ríkiskassann, sem svo þýðir að hægt er að standa mun betri vörð um grunnstoðirnar. En það gera launalækkanir hjá opinberum starfsmönnum ekki.

Borgþór Ásgeirsson
Varaformaður Eyverja

Pökkum saman pokinn

Meðfylgjandi Stofnum er forlata poki sem við höfum fengið frá vinstri flokkunum. Vegna fyrningarleiðarinnar og ESB umsókn er eins gott fyrir okkur að byrja bara að pakka saman.



STOFNAR

Útgefandi: Eyverjar, félag ungra Sjálfstæðismanna í Vestmannaeyjum
Ritstjóri: Borgþór Ásgeirsson | Ábyrgðarmaður: Sindri Ólafsson
Ljósmyndir: Haraldur Pálsson og Sindri Ólafsson
Þeir sem komu að efni blaðsins: Borgþór Ásgeirsson, Sindri Ólafsson, María Guðjónsdóttir, Haraldur Pálsson, Gísla Óskarsdóttir, Kristín Rannveig Jónsdóttir | Skopmynd: Kristinn Pálsson
Upplag: 1700 eintök | Prentun: Eyjasýn/ Eyjaprent
Myndir fengnar af heimasíðu Eyverja - www.eyverjar.is

Sjálfsgagt vegna Sjálfstæðisflokksins

Það er margt sem okkur finnst núna sjálfsgagt í daglegu lífi sem væri það ekki nema fyrir baráttu Sjálfstæðisflokksins, - ekki síst ungra sjálfstæðismanna.

Tökum nokkur dæmi af handahófi:

- Það er ekki langt síðan ríkið hafði einkarétt á öllum sjónvarps- og útvarpsrekstri. Enginn annar mátti gera það.

- Það er ekki langt síðan ríkið hafði einkarétt á allri síma- og fjarskiptastarfsemi. Enginn annar mátti vera í því.

- Það er ekki langt síðan Íslendingum var bannað að kaupa bjór nema á leið til eða frá landinu.

- Það er ekki langt síðan verðslanir voru bara opnar á þeim tímum sem stjórnámálönnum fannst passa.

Ungu fólki finnst auðvitað hlægilegt til þess að hugsa að



Íris Róbertsdóttir
4. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins

þetta hafi einhverntíma verið svona, en það eru samt ekkert sérstaklega mörg ár síðan þessu var breytt. Og þær breytingar urðu ekki baráttulaust. Frelsi einstaklingsins til athafna er nefnilega ekki sjálfsgaður hlutur, - það þarf að hafa mikið fyrir því.

Þá vakt hefur Sjálfstæðisflokkurinn staðið frá upphafi. Þess vegna hefur hann alltaf átt brýnt erindi við ungt fólk. Fólk sem vill finna kröftum sínum viðnám og hafa frelsi til að velja sér ögrandi viðfangsefni.

Við skulum ekki falla í gamla farið aftur. Við skulum ekki endurvekja bönnin og höftin. Við sigumst hraðast og best á núverandi erfiðleikum með því að nýta þá krafta, hugmyndaauði, frumkvæði og framtak sem Íslendingar búa yfir, - ekki síst unga fólkið.

Höfnum forræðishyggjuni og sækjum fram með grunnildi Sjálfstæðisflokksins að leiðarljósi: Frelsi einstaklingsins í tryggu samfélagsumhverfi.

Íris Róbertsdóttir

.....

Smá auglýsingar

Skikkja tapaðist

Hefur einhver séð skikkjuna mína hún er rauð eins og það litla sem er eftir af hárinu á mér Kv. Skattman

Bætur frá Brussel

Vorum að fá inn atvinnuleysisbætur frá Brussel í Evrusentum. Samspillingin

Karлакvóti

Vorum að taka upp ferskan og brakandi karлакvóta. VG

Viltu vera memm?

Tek að mér að samþykkja allskonar vitleysu bara ef ég fæ að vera memm. Framsóknarflokkurinn

Heya Norge

Óska eftir góðum norskukenara því nú ætla ég sko að tala við seðlabankastjórn áhugasamir hafið samband við Björgvinn Gé.

Tilkynning frá vegagerðinni

Skólavegur verður lokaður í vikunni frá Hásteinsvegi að Vestmannabraut sökum þvælu og vitleysingsgangs við götuna. Vegfarendum er bent á að nota kirkjuveg eða heiðarveg fram yfir 25. apríl næstkomandi.

Kjósandans er saknað

Kjósandinn okkar er týndur og við söknum hans mikið, það sást síðast til hans á Strandvegi fyrir utan kosningaskrifstofu Frjálslynda-flokksins, ef þú hefur séð hann viltu þá vinsamlegast skila honum. Frammsóknarfélagið í Vestmannaeyju.

European Union

Umsókn um bætur vegna atvinnumissis

Vinsamlegast fyllið út og sendið til Brussel

Nafn styrkbeiðanda

Kennitala

Vann áður við (Hakið við viðeigandi)

Sjómennsku Landvinnslu Þjónustu við sjávarútveg

Annað: _____

Upphæð styrks (Hakið við viðeigandi)

€5 €10 €15 €20

Athugið að afgreiðsla umsókna tekur 18 til 36 mánuði

Vissir þú...

..að listamannalaun eru 260 þúsund krónur á mánuði?

..að það tekur að lágmarki 6 ár að taka upp Evru?

..að Ísland myndi fá 3 þingsæti af 755 í evrópusambands skrímslinu.

..að Sjálfstæðisflokkurinn hafnar öllum nýjum sköttum.

..að vinstri stjórn vill hækka skatta OG lækka laun?

..að samkvæmt hugmyndum vinstri flokkanna verða listamannalaun 5 milljarðar á ári?

..að hægt væri að gera göng til Eyja fyrir þá peninga sem færu í 3 ár af viðbótinni til listamannalauna!

..að 1600 manns eru á listamannalaunum.

..að Róbert Marshall er Eyjamaður.

..að Kristján Möller hefur margoft lofað að ný ferja muni hefja siglingar í Landeyjahöfn eigi síður en haustið 2010.

..að Róbert Marshall var aðstoðarmaður Kristjáns Möller samgönguráðherra og hann er Eyjamaður.

Frá skemmtikvöldi Eyverja





Frá fáránleikum Eyverja 2009



Hvað á ég að kjósa?

Sjaldan eða aldrei hafa valkostir verið skýrari en nú þegar gengið verður að kjörborði 25. apríl næstkomandi. Í raun eru kostirnir bara tveir. Hægt er að kjósa yfir sig vinstri stjórn Samfylkingar og Vinstri grænna, með eða án stuðnings framsóknarmanna, eða öflugan og staðfastan Sjálfstæðisflokk sem áfram mun berjast fyrir frelsi einstaklingsins og efla í landinu viðsýna og frjálslýnda framfarastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis, atvinnufrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum.



Írisi sem okkar fulltrúa



Ein af þeim mörgu kröfum sem hafa verið áberandi í deiglu undanfarið, er krafan um persónukjör. Það er ekki allra að ákveða hvernig atkvæðinu skuli varið út frá pólitískri hugmyndafræði, stefnu flokka í hinum ýmsu málaflokkum líkt og peningamálastefnu, sjávarútvegsmálum eða öðru slíku, sumir vilja einfaldlega kjósa fólk en ekki flokka. En þegar sá möguleiki er ekki fyrir hendi er fátt annað í stöðunni en að kjósa þann flokk sem býður fram besta fólkið.

Fjórða sæti Sjálfstæðisflokksins í suðurkjördæmi skipar Eyjakonan Íris Róbertsdóttir, þeir kjósendur sem vilja færasta fólkið okkar inn á Alþingi, ættu því að tryggja Íris þingsæti. Íris er hugsjónarík, réttisýn og heiðarleg. Hún hefur alist upp við hin góðu og gömlu gildi okkar eyjamanna og því treysti ég Írisi fullkomlega til að fara með valheimildir þingsins af varfærni og auðmýkt, vera full-

trúi kjósenda í störfum sínum og fara með umboð sitt á Alþingi af trúmennsku.

Íris mun takast á við hin stóru verkefni sem framundan eru, af mikilli einlægni en jafnframt hörku, vandanum verður ekki viðhaldið heldur ráðist að rötum hans og lausnin fundin. Íris hefur sýnt það í starfi sínu sem kennari að hún er ótrúlega úrræðagóð og fylgin sjálfri sér. Við eyjamenn getum verið stolt af því að kjósa Írisi inn á þing og verður hún verðugur fulltrúi okkar, sem og allrar þjóðarinnar.

Endurnýjunar er þörf og við þurfum vandað fólk eins og Írisi í brúnna til að taka þátt í endurreisn þjóðarinnar. Nauðsyn er á ferskum vindum á Alþingi og þeir vindar blása með Írisi Róbertsdóttur.

María Guðjónsdóttir
stjórnarmaður Eyverja

Listamannalaun = 5 milljarðar á ári

Skattgrímur var ekki búinn að vera lengi í embætti þegar hann sýndi sitt rétta andlit. Hann fékk skikkjuna senda frá forvera sínum með hraðpósti úr Álfanesinu. Nýr Skattman var stigin fram á sjónarsviðið að líta eftir vösum sem hann gæti seilst í. Hans fyrsta ráð var að taka aftur upp tvísköttun sem Sjálfstæðisflokkurinn var búinn að leggja niður. Skattgrímur vill fá að kroppa krónurnar upp úr grunnnum vasa eldri borgara með eignaskatti.

Stærsta veraldlega eign einstaklinga hér á landi er nær undantekningalaust húsið sem þeir búa í. Þeir fáu sem eiga sín hús skuldlaust eru yfirleitt elstu borgara landsins. Fólk sem er

búið að strita allt sitt líf og borga samviskusamlega í ríkissjóð af sínum tekjum og nýta það sem eftir stendur til að borga af húsum sínum. Í vasa þessa fólks vill Skattgrímur komast til þess að klóra upp nokkrar krónur og refsa þeim þannig fyrir að hafa sparað við sig og borgað upp sín lán.

Á sama tíma og Skattgrímur kroppar krónurnar úr vösum eldri borgara til að draga úr hallanum á ríkissjóði, ætla hann að ausa peningum úr sama sjóði í formi listamannalauna. Í síðustu viku setti vinstristjórnin lög sem kveða á um að starfs-laun listamanna skuli vera 267.000 kr. á mánuði og launþegum fjölgað í áföngum svo

þeir verði orðnir 1.600 eftir þrjú ár. Það þýðir um 5.000.000.000 kr. (5 milljarðar) á ári.

Á meðan menn í vinstristjórninni tala um að lækka laun fólks ætla þeir að borga mönnum 5.000.000.000 kr. af skattfé almennings á ári fyrir að skrifa. Á meðan að loka á skurðstofunni hér í Eyjum í sex vikur til að spara 10.000.000 kr. ætlar vinstristjórnin að borga mönnum 5.000.000.000 kr. af skattfé almennings á ári fyrir að mála. Fyrir þann pening væri hægt að reka hér 57 skurðstofur allt árið um kring.

Árið 2005 reiknaði Svein E. Kristiansen, verkfræðingur hjá norska verktakafyrirtækinu

NCC, það út að göng milli lands og Eyja myndu kosta á bilinu 14 til 16 milljarða kr. Það eru u.þ.b. þriggja ára skammtur af því sem vinstristjórnin ætlar að borga mönnum af skattfé almennings fyrir að semja tónlist. Hvort vilt þú að hallanum á ríkissjóði verði mætt með því að skera niður í vinstribittlingum eins og listamannalaunum eða með því að leggja á eldri borgaraskatt? Hugsaðu málið áður en þú gengur í kjörklefann.

Helgi Ólafsson
Formaður KUSS

Land tækifæranna

Á Íslandi eru gríðarmargir möguleikar. Hér höfum við ótal margar auðlindir, gríðarlega þekkingu á ýmsum sviðum og öflugan mannaúð. Landið hefur einnig þá sérstöðu að standa mitt á milli Evrópu og N-Ameríku þannig í raun gætum við ráðið því hvort við værum Evrópuþjóð eður ei.

Hér höfum við margt það sem aðrar þjóðir hreinlega hafa ekki. Gríðaröflug fiskimið, við böðum okkur uppúr drykkjarvatni því það er svo mikið af því og ónýttar jarðorku sem gæti knúið heilu stór borgirnar. Aldurssamsetning Íslendinga er góð og ungt fólk verður enn í meiri hluta hér á landi, annað en hjá öðrum þjóðum þar sem eldri borgarar verða brátt í meirihluta og fer því mikill þróttur þeirra í að borga undir ellina.

Við stöndum á þannig tímum að geta hreinlega valið okkur stefnu. Viljum við sjá um að borga undir aðildarríki Evrópusambandsins, eða ætlum við að sækja fram á við á okkar verðleikum.

Íslendingar eru harðkjarna-fólk, fólk sem er fært um að taka á vandamálum sem verkefnum. Flest viljum við eiga tækifæri í lífinu á að setja okkur markmið og síðan að ná þeim. Með einstaklingsfrelsið að leiðarljósi eru tækifæri fyrir einstaklingana, okkur fólkið til að ná eins langt og við mögulega ætlum okkur.

Nú er heimskreppa og eru því ótal tækifæri í boði. Allir geta nýtt sér þau tækifæri ef frelsið til þess er til staðar. Gerum Ísland að landi tækifæranna. Einn liður að því er að halda sköttum í lágmarki svo slíkt verði framkvæmalegt. Sækjum því fram á við á okkar verðleik, því við höfum einfaldlega allt sem til þarf.

Haraldur Pálsson
Stjórnarmaður Eyverjar



Mjög mikilvægt að kjósa

Það er svo sem skiljanlegt að margir séu fúlir og reiðir eftir allt það sem á undan er gengið. Það er auðveldlega hægt að skilja þá gremju sem býr í mönnum og hægt að finna möguleikarnir slakir til kosninga fyrst Sjálfstæðisflokkurinn var í ríkisstjórn þegar heimskreppan skall á og gat því miður ekki komið í veg fyrir hana.

Flokkurinn er þó reynslunni ríkari, honum tókst að byggja hér upp stórkostlegt velferðarríki. Við vitum núna hvaða mistök áttu sér stað á þenslu tímanum og hvernig verður hægt að byggja upp traustara kerfi á nýjan leik sem mun færa okkur aftur þá velferð sem við sækjumst eftir.

Kæri kjósandi, láttu ekki blekkjast. Ríkið er ekki lausnin úr vandanum, yfirstjórn Ríkisins

mun ekki leysa þann vanda sem við erum í. Ríkið fær ekki hugmyndir, það tekur ekki sénsinn á að gera eitthvað sniðugt. Lausnirnar eru ekki að finna hjá hinu opinbera. Við, fólkið í landinu, þurfum að nota okkar krafta, okkar hugmyndaauðgi og skapa okkur tækifærin. Þannig verður hagvöxturinn til.

Skoðanakannanir benda til þess að eftir kosningar munum við sjá vinstri stjórn.

Það merkir ekkert annað en að framkvæmdir og rekstur fari sem mest fram undir umsjón og yfirliti hins óskilvirka og svifaseina Ríkis. Við þekkjum þetta öll, Ríkið er ekkert að drífa sig í hlutunum, það er sama í hverju það er.

Því skiptir máli að þú sitjir ekki heima þó þú sért kannski ósáttur með hvernig fór fyrir okkur undir restina þegar heimskrep-

pan skall á.

EKKI tefja málin með því að sleppa því að kjósa og láta vinstri mennina komast að. Þeir ætla sér eins og áður að reyna redda málunum á verðleikum Ríkisins og það mun einfaldlega lengja í ástandinu sem við erum í!

Því að lokum munu einstaklingarnir alltaf koma til með að þurfa að redda málunum.

Mættu á kjörstað og kjóstu rétt. Kjóstu frelsið, kjóstu fólkið, kjóstu þig.

Hafðu trú á þér og þínum verðleikum. Það er fólkið sem leysir vandamálin.

Kjóstu Sjálfstæðisflokkinn
X-D

.....

www.eyverjar.is



Κνεδζυραγγτυ Εγυαεργζα



Eyverjar boða til tjaldpartýs á Stakkagerðistúni
til að kveðja fráfarandi vinstristjórn

Partýið verður haldið í samkomutjaldi alþýðunnar
föstudaginn 24. apríl kl. 21.00

Gítarleikari verkalýðsins spilar undir meðan
sungnir verða baráttusöngvar og ættjarðarljóð